



Skólafundur

11. 11. 2022

VIRÐING

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Góð samskipti eru gulls ígildi og grundvöllur góðra samskipta er virðing.

Hvernig geta nemendur sýnt hver öðrum virðingu?

Hvernig geta nemendur sýnt starfsfólki virðingu?

Hvernig getur starfsfólk sýnt nemendum virðingu?

Hvernig getum við sem FB-ingar gengið á undan með góðu fordæmi innan sem utan veggja skólans og sýnt hvert öðru virðingu hvort sem það er á göngum, í matsal, í kennslustofum eða á samfélagsmiðlum?

Stofa 11

Andri Þorvarðarson

Nemendur þurfa að passa sig að ganga alltaf frá eftir sig í matsal

Við eigum ekki að sýna hvort öðru vanvirðingu og eigum að hlusta á aðra.

Við megum vera duglegri að hrósa fólki.

Stofa 253

Fríða María Harðardóttir

Verum alltaf kurteis, göngum ekki yfir mörk annarra, sýnum tillitssemi og hjálpsemi.

Stofa

Einar Kristinn Þorsteinsson

Hvernig geta nemendur sýnt hver öðrum virðingu?

- Veip inni í tímum eða inni í skólanum er vanvirðing við alla.
- Tala minna inni á bókasafninu, og ekki trufla hvort annað í tímum.
- Ekki skipta sér að öðrum þegar það er óviðeigandi. Eins og að tala við nemendur sem er að læra.
- Ekki leggja bensínbílum í rafmagns-bílastæðin.
- Passa að lóðin sé snyrtilegri – þarf að hafa ruslatunnu við inngang og á skólalóðinn.
- Passa hvernig við leggjum bílunum – ekki leggja þar sem ekki má leggja. Væri gott að fjölga bílastæðum.

Hvernig geta nemendur sýnt starfsfólki virðingu?

- Hætta að vera bjánar – sjá kennarana sem manneskjur.
- Vera minna í símanum í tíma.
- Sýna ræstingafólkinu meiri virðingu:
- Ganga betur frá í matsal.
- Ganga vel um á klósettunum.
- Ekki krota á vegg í skólanum

Hvernig getur starfsfólk sýnt nemendum virðingu?

- Vera skilningsríkari fyrir erfiðleikum nemenda.
- Sjá nemendur sem persónur.
- Kennarar: Kennarar þurfa að bæta hugarfar sitt í takt við nýja tíma.
- Passa sig þegar þeir deila persónulegum skoðunum sínum.

Stofa 212

Ásgrímur Guðmundsson

Sýna skilning á að það eru ekki allir nemendur á sama stað.

Geta sett sig í spor annara.

Ekki setja myndir á miðla af öðrum samnemendum án leyfis.

Taka tillit til ef nemendum vantar hjálp, leggja sig fram við að útskýra kennsluna fyrir nemendum.

Koma á réttum tíma, hlusta á það sem nemendur hafa til að segja og bera meiri virðingu fyrir tilfinningum nemanda.

Brosa meira, halda skólanum hreinum, sýna kurteisi og passa hvað við segjum á samfélagsmiðlum og út á við.

Ganga vel um baðherbergin, slökkva ljósin.

Stofa 906

Einar Freyr Magnússon

Virða skoðanir hvers annars, hlusta á hvort annað og sýna kurteisi bæði innan kennslustofu og utan.

Taka ábyrgð á orðum og gjörðum, vera stundvís og takmarka símanotkun.

Starfsfólk sé til staðar til að hjálpa og komi fram við nemendur eins og einstaklinga.

Stofa

Bergvin Snær Andrésson

Hvernig geta nemendur sýnt hver öðrum virðingu?

- Þjóða góðan dag
- Vinnufrið
- Tala fallega til hvors annars
- Hjálpa hvert öðru

Hvernig geta nemendur sýnt starfsfólki virðingu?

- Hlusta
- Þjóða góðan dag
- Ekki gjamma
- Mæta réttum tíma

Hvernig getur starfsfólk sýnt nemendum virðingu?

- Aðstoða þegar þarf
- Ekki tala niður til þeirra þótt þeir skilji ekki
- Sýna biðlund þegar þeir skilja ekki
- Þjóða góðan dag

Hvernig getum við sem FB-ingar gengið á undan með góðu fordæmi innan sem utan veggja skólans og sýnt hvert öðru virðingu hvort sem það er á göngum, í matsal, í kennslustofum eða á samfélagsmiðlum?

- Tala fallega til hvors annars
- Enga fordóma
- Virða skoðanir
- Að hjálpa þegar þarf
- Þjóða góðan dag

Stofur

Þórunn Inga Gísladóttir og Kolbrún Sigurðardóttir

A) Hvernig geta nemendur sýnt hver öðrum virðingu?

Að vera góður við alla í stofunum og bera virðingu fyrir að nemendur eru að vinna.

Mæta öllum með kurteisi.

Koma fram af virðingu, kurteisi, ekki draga ályktanir á fólki.

Enga fordóma, ekki trufla einbeitingu annarra nemenda, bera virðingu fyrir identity annarra.

B) Hvernig geta nemendur sýnt starfsfólki virðingu?

Ganga vel um tala við starfsfólk eins og manneskjur, ekki taka reiðina þína út á kennara, biðja um leiðbeiningar, ekki stela gögnum og búa til vesen fyrir starfsfólkið.

Koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir koma fram við þig.

Brosa til starfsfólks sem er að þrifa. Vera kurteis, hlusta og taka inn hvað þau eru að segja. Ekki gera eitthvað ef það bitnar á starfsmanni.

C) Hvernig getur starfsfólk sýnt nemendum virðingu?

Hafa samskipti og segja afsakið. Starfsfólk á ekki að misnota valdstöðu sína, óþarfa dónaskapur réttlætist ekki að þú sért kennari. Bera sömu virðingu fyrir nemendum sama hversu klárir þeir eru, ekki láta bitna á nemendum ef þeir skilja ekki. Ekki skamma fyrir að kunna ekki eitthvað strax. Enga fordóma, ekki öskra og skammast í nemendum, hlusta á nemendur til baka og taka mark á þeim. Skilja hvenær nemendum gengur vel og hrósa og hjálpa ef aðstoð þarf.

D) Hvernig getum við sem FB-ingar gengið á undan með góðu fordæmi innan sem utan veggja skólans og sýnt hvert öðru virðingu hvort sem það er á göngum, í matsal, í kennslustofum eða á samfélagsmiðlum?

Ekki vera með dónaskap á göngum og ganga frá í matsal.

Almenn kurteisi, kynjafræði ætti að vera skylduáfangi.

Sýndu samkennd, reyndu að hugsa hvaðan hegðunin kemur áður en þú dæmir manneskjuna.

þarf að vera hjúkka, fínt að það sé sálfræðingur en þarf að vera alla daga og fleiri sálfræðingar. Fleiri fundir og fræðsla.

Lokaniðurstaða:

Kurteisi, fordómaleysi og virðing.

Stofa 305 Fanney Dögg Ólafsdóttir

- Hvernig geta nemendur sýnt hver öðrum virðingu?
 1. Hlusta á hver aðra
 2. Sýna kurteisi
 3. Muna að allir bera sameiginlega ábyrgð á tiltekt og frágangi í lok kennslustundar
- Hvernig geta nemendur sýnt starfsfólki virðingu?
 1. Vera næs
 2. Hlusta á kennara
 3. Vera opin á samskipti
- Hvernig getur starfsfólk sýnt nemendum virðingu?
 1. Koma fram við nemendur eins og jafningja sína
 2. Spjalla stundum um annað en námsefni
 3. Sína skilning og hvetja áfram.
 4. Með því að leyfa nemendum að hafa rödd – segja sína skoðun á því hvernig nám fer fram
- Hvernig getum við sem FB-ingar gengið á undan með góðu fordæmi innan sem utan veggja skólans og sýnt hvert öðru virðingu hvort sem það er á göngum, í matsal, í kennslustofum eða á samfélagsmiðlum?
 1. Ganga vel um skólann
 2. Sýna kurteisi

Nemendur á lokaönn snýrtifræðibrautar telja sig vera meiri sjálfstæða einingu innan skólans en ekki svo mikill hluti af skólanum í heild sinni. Þær kvörtuðu yfir mikilli hækkun á matvöru í matsal og báðu um að því yrði komið til skila 😊

Stofa 34

Svava Ýr Baldvinsdóttir

1. Hvernig geta nemendur sýnt hver öðrum virðingu?
 - Mikilvægt að vera ekki með fordóma gagnvart kynhneigð og kynhegðun.
 - Ekki taka myndir af öðrum án leyfis og ekki dreifa
 - Vera kurteis
 - Hjálpa hvor öðrum
 - Ekki vera með læti í tíma
2. Hvernig geta nemendur sýnt starfsfólki virðingu?
 - Hafa hljóð í tímum og sýna kennara þannig virðingu og vinnufrið
 - Að nemendur mæti á réttum tíma
 - Vera kurteis og hafa jákvæð samskipti
 - Ekki vera í síma í tíma
 - Fara vel með eigur kennara
 - Ekki vera með dónaskap
3. Hvernig getur starfsfólk sýnt nemendum virðingu?
 - Gera sér grein fyrir að allir vinna ekki á sama hraða
 - Að kennarar sýni ekki fordóma gagnvart kynhegðun og kynhneigð
 - Skilja aðstæður nemenda
 - Ekki tala um persónulega hluti fyrir framan alla
4. Hvernig getum við sem FB-ingar gengið á undan með góðu fordæmi alls staðar?
 - Flokka rétt
 - Ekki meiða hvort annað, andlega eða líkamlega
 - Ganga frá eftir sig í matsal
 - Gefa skólanum gott orð
 - Ekki taka eigur annara

Stofa

Sigurbjörg L. Furrow

- Sýna skilning, koma vel fram og hjálpast að.
- Mæta á réttum tíma, sinna náminu, bjóða góðan daginn og sýna áhuga í tímum.
- Upplýsa nemendur hvað þeir eru að gera gott þar sem að við fáum mikið að heyra hvað við erum að gera rangt.
- Sýna skilning á því að við erum með okkar reikninga og persónulega líf og verðum því að vinna og getum ekki alltaf sinnt náminu 100%.

- Sýna skilning á að við erum ekki bara í einum áfanga og þurfum því að forgangsraða okkar tíma. Ekki koma ykkar erfiðleikum á okkur.
- Koma eins fram við alla og svara spurningum á kurteisan hátt.
- Mikilvægt fyrir okkur að fá umsagnir og einkunnir eins fljótt og hægt er eins og þið fáið verkefnin okkar á réttum tíma.
- Jákvæð, brosmild, koma fram við aðra eins og maður vill að sé komið fram við sig.

Stofa 111

Heimir Jón Guðjónsson

- Auka samræður í tímum á milli nemenda og líka við kennara, þar sem allir geta tekið þátt. Þetta gæti t.d. verið með meiri hópavinnu.
- Blanda saman hópum til að sem flestir vinni saman.
- Þeir vildu líka koma á framfæri athugasemd um verð á mat í matsalnum sem væri allt of hátt og þeim fannst verið að misbjóða þeim með þessu.

Stofa

Sara Brekkan

Hvernig geta nemendur sýnt hver öðrum virðingu?

- Koma fram við fólk eins og maður vill að það sé komið fram við sig.

Hvernig geta nemendur sýnt starfsfólki virðingu?

- Stundvísi, hreinlæti og þolinmæði.

Hvernig getur starfsfólk sýnt nemendum virðingu?

- Þolinmæði, vera aðgengileg og skilningsrík.

Hvernig getum við sem FB-ingar gengið á undan með góðu fordæmi innan sem utan veggja skólans?

- Ekki lítillækka aðra. Vita að fólk gerir mistök. Viðurkenna sín eigin mistök.

Stofa 37

Ragnar Sveinn Magnússon

„Við eigum að sýna öllum virðingu.“

„Við eigum að vera duglegri að ganga frá eftir okkur, t.d. rusli.“

Stofa

Ágúst Sigurður Björgvinsson

Virðing

Hvernig geta nemendur sýnt hver öðrum virðingu?

- Koma vel fram við alla eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig

Hvernig geta nemendur sýnt starfsfólki virðingu?

- Hlusta, ganga frá eftir sig, fara eftir fyrirætlunum, vera kurteis.

Hvernig getur starfsfólk sýnt nemendum virðingu?

- Leyfa nemendum að tala og hlusta þegar nemendur tala. Hjálpa með því að útskýra t.d verkefni, hrósa.

Hvernig getum við sem FB-ingar gengið á undan með góðu fordæmi innan sem utan veggja skólans og sýnt hvert öðru virðingu hvort sem það er á göngum, í matsal, í kennslustofum eða á samfélagsmiðlum?

- Koma fram við aðra eins og þú vilt aðrir komi fram við þig.
- Ganga frá eftir sig í matsalnum og flokk rusl.
- Þakka fyrir sig, vera kurteis (bjóðja góðan daginn, segja takk).

Stofa 907

Ingimundur Einar Grétarsson

- Virðing, er að koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.
- Virða skoðanir og tilfinningar annarra, þótt þú sért ekki sammála og það að sýna skilning.
- Virða umhverfi sitt bæði innan og utan skólans.
- Kennarar hlusti á nemendur og líta á þá sem jafningja, sýni skilning og hrósa heiðarlega.
- Virðing er að dæma ekki fyrir fram og að sýna ekki fordóma.
- Virðing er að allir fari að settum reglum – skólareglum þar með talið.

Stofa 203

Þórdís Ása Þórisdóttir

Það var sameiginleg niðurstaða nemanda að þegar kemur að virðingu þá væri þetta mikilvægustu þættirnir (inni í okkar skóla):

- Vera kurteis hvort við annað
- Að hluta (hvert á annað)
- Og koma vel fram við hvort annað.

Stofa 901

Einar Magni Jónsson

Ég byrjaði á því að fara yfir það hvaða merkingu orðið virðing hefur og fór inná vef þekkingarmiðlun.is. Þar sér maður að orðið virðing er víðtækt orð og skilgreint þar. Eftir að við skoðuðum og ræddum um þær skilgreiningar fórum við í hópavinnu sem að lokum leiddi til þess að bekkurinn komst að þeirri niðurstöðu að þeirra innlegg væri setningin:

Þú þarft að sýna virðingu til að fá virðingu.

Hvað er virðing?

Hægt væri að skilgreina virðingu á eftirfarandi hátt:

- Virðing er að virða skoðanir annarra jafnvel þó að við séum þeim ósammála.
- Virðing er að geta sett sig í spor annarra og séð hlutina frá öðru sjónarhorni en sínu eigin.
- Virðing er að gera ekki lítið úr lífsviðhorfum, tilfinningum, hugmyndum eða skoðunum annarra.
- Virðing er að bera ábyrgð á orðum sínum og gerðum.
- Virðing er að koma fram við aðra af kurteisi og nærgætni.
- Virðing er að dæma hluti og fólk ekki fyrirfram.
- Virðing er að koma fram við aðra eins og við viljum að fólk komi fram við okkur.
- Virðing er að fara vel með eigur annarra og taka ekki hluti í leyfisleysi.
- Virðing er að virða tíma annarra og sýna stundvísi.
- Virðing er að grípa ekki fram í fyrir fólk.
- Virðing er að virða reglur samfélagsins, vinnustaðarins og heimilisins.
- Virðing felur í sér sjálfsvirðingu s.s. að þekkja sína kosti og galla og sættast við þá.
- Besta leiðin til að öðlast virðingu er að vera virðingarverð sjálf.

Skoðanir manna eru misjafnar og ólíkar eins og mannfólkið er misjafnt og ólíkt. Það er því ekki raunhæft að ætlast til þess að allir kunni að orða og segja hluti á þann hátt sem okkur líkar. Það er alls ekki víst að það sé viðmælandanum að kenna ef við upplifum virðingarleysi. Virðing er upplifun frekar en hegðun. Það er jú eingöngu túlkun á hegðuninni sem gefur vísbendingu um virðinguna. Þeir sem eru virkilega liprir í samskiptum bera ábyrgð á því sjálfir að þeir túlki ekki að óþörfu að þeim sé ekki sýnd virðing, t.d. með því að spyrja nánar um það sem sagt var. Þeir bestu reyna að tryggja að orð þeirra sjálfra séu rétt túlkuð og enginn misskilningur verði.

Stofa 22

Kristín Guðrún Jónsdóttir

- Nemendur geta sýnt samnemendum sínum skilning, kennarar geta sýnt nemendum skilning þegar verkefnum er ekki skilað á réttum tíma og nemendur sýnt kennurum skilning þegar kennarar hafa erfiða daga. Með því að trufla kennslu til dæmis, er verið að sóa tíma nemenda og kennara.
- Við getum virt umhverfi okkar með því að taka til og þrifa eftir okkur og ekki skíta út skólann viljandi.
- Virðing á samfélagsmiðlum er einföld: ekki segja óparfa og dónalega hluti við fólk.
- Hlustun er mikilvæg, til dæmis við kynningar og fyrirlestra, hvort sem það er nemandi, kennari eða gestur að tala.
- Með því að sýna jákvæðni hvetjum við fólk og dreifum góðum anda.
- Nemendur geta sýnt samnemendum sínum virðingu með því að sýna hvor öðru skilning ef einstaklingur í hóp/tíma verkefnum er með einhverja námserfiðleika.
- Nemendur eiga ekki að dæma hvort annað sama hver aðstæður eru.

- Starfsfólk ættu alltaf að trúa nemendum ef þau segja að það sé einhvað að hvort sem það er andlegt eða tengt náminu og alltaf að sýna þeim kurteisi!
- Nemendur ættu alltaf að virða kennslustundir hjá kennurum.
- Við eigum alltaf að ganga frá ruslinu okkar og búast ekki við því að ræstitækna/skólaliði taki það fyrir okkur.
- Við getum alltaf bætt okkur í hvernig við komum fram við annað fólk og passað að vera mannleg gagnvart öllum í kringum okkur og aldrei leyfa öðru fólki hvort sem það eru nemendur, starfsfólk, fjölskylda, vinir eða ókunnugir að finna fyrir óvirðingu eða fordómum frá okkur sjálfum.

Stofa 112

Friðrik Sólmes Jónsson

- **Hvernig geta nemendur sýnt hver öðrum virðingu?**

Vera góður við aðra. Brosa og dreifa hamingju. Virða einkalíf og persónulegt rými annara. Vera hreinskilinn. Sýna kurteisi og þroska. Hlusta á hvert annað.

- **Hvernig geta nemendur sýnt starfsfólki virðingu?**

Hafa þögn á meðan kennari talar. Sýna þroska. Mæta á réttum tíma. Ekki grípa fram í fyrir kennara.

- **Hvernig getur starfsfólk sýnt nemendum virðingu?**

Koma fram við nemendur eins og almennilegt fólk og tala ekki niður til þeirra. Útskýra fyrir mæli betur og af meiri þolinmæði. Hlusta á nemendur og vera tilbúin að aðstoða.

- **Hvernig getum við sem FB-ingar gengið á undan með góðu fordæmi innan sem utan veggja skólans?**

Hrósa fólki fyrir sína sigra og hvetja fólk áfram sem gerir mistök. Þroskast og sýna þroska. Heilsa og vera vinalegur. Bera virðingu fyrir því að áhugamál fólks séu ólík.

Stofa 15 og 18

Hrafnhildur Gísladóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir og Dorota Michalina Kolka

Það er mikilvægt að hlusta betur á hvort annað. Sýna kennurum kurteisi sem og nemendur sýni öðrum nemendum kurteisi.

Það er mikilvægt að tala saman og virða skoðanir annarra.

Stofa 33

Aníta Guðný Gústavsdóttir

Sýna öllum þolinmæði, hvort sem þeir skilja vel eða illa tungumálið

Hafa skilning gagnvart mistökum annarra

Sýna hvert öðru virðingu (ekki rukka fyrir heitt vatn í matsal)

Stofa 27

Auður Lorenzo

Hér eru punktar frá nemendum í SPÆN1CC05

Komdu fram við aðra eins og þú vilt að það sé komið fram við þig.

- Nemendur við nemendur: virða mörk, brosa, ekki trufla í tímum, góða vel fram við alla, hugsa um það sem þú segir við aðra.
- Starfsfólk við nemendur: brosa, góð samskipti, kurteisi, hlusta og fylgjast með líðan nemenda, ekki mismuna nemendum eftir getu eða öðru, lækka verð á mat og drykki
- Allir: góð samskipti, ganga vel um allan skólann sérstaklega matsalinn, fara eftir reglum, taka til eftir sjálfan sig.

Stofur 308 og 309

Guðrún Árdís Össurardóttir og Soffía M. Magnúsdóttir

- Nemendur og kennarar geti sett sig í spor annara.
- Vera næs við alla.
- Nemendur fylgist með í tíma og bera þannig virðingu fyrir kennara og samnemendum.

Stofa 301

Valdís Ólafsdóttir

- Brostu til þeirra sem þú mætir – Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt.
- Komdu fram við aðra eins og þú vilt að þeir komi fram við þig – Gullna reglan.
- Ekki segja hluti um aðra, eða skrifa á netinu, nema það sem þú getur sagt við þá sjálfa – Aðgát skal höfð í nærveru sálar.

Stofa 353

Salóme Huld Garðarsdóttir

Sýna kennaranum virðingu og ekki vera í símanum á meðan kennarinn er að kenna

Allir eiga að vera góðir, vera góðar fyrirmyndir.

Virða skoðanir annarra og ekki vera dónalegur

Stofa 108

Bjarni Antonsson

1. Nemendur komi vel fram við alla, ekki vera leiðinleg við hvort annað, hjálpa hvort öðru og hafa hljóð í tímum.
2. Nemendur gangi frá rusli eftir sig, hlusta í kennslustundum, leggja coolið til hliðar og ekki vera í símanum í kennslustund
3. Kennarar þurfa að hlusta á nemendur, bera virðingu fyrir mætingu nemenda og sýna skilning á lífi nemandans utan skóla.

Stofa 14

Hulda Hlín Ragnars

1. Vera kurteis, hlusta á hvort annað, virða mörk, haga sér vel, sýna tillitsemi, ekki dæma, virða fornöfn annarra.
2. Hlýða fyrirmælum starfsfólks, vera kurteis, hlusta á það sem sagt er. Mæta á réttum tíma og hag sér. Fylgja reglum, hlusta, ganga vel um skólann, vera ekki símanum, henda rusli eftir sig, hlusta á starfsfólk og vera kurteis.
3. Starfsfólk getur verið kurteist og hlustað á nemendur, hjálpsöm við nemendur, virða mörk nemenda, dótið þeirra og þau sjálf, leyfa nemendum að fara á klósettið og ekki öskra. Þínu opnari og gera skemmtilegt, kennarar þínu alltaf eftir plani, hlusta á hlið nemenda, sýna skilning, kennarar eiga að hjálpa nemendum og ekki tala niður til þeirra.
4. Virða mörk, ekki baktala, vera kurteis, vera heiðarleg, ekki gera grín af fólki og ekki hlæja af fólki, ekki blanda þér í vandamál annarra, vera kurteis, koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig, vera hress og líbó, ekkert eineilt, taka til eftir sig. Ekki búast við að við séum ekki að reyna okkar besta.

Stofa 13

Jakob Ævarsson

1. Vera kurteis við aðra, ekki gera grín að öðrum
2. Ekki fara úr tíma, setja niður síma og fylgjast með, spyrja um leyfi
3. Ekki koma fram við nemendur eins og smábörn og skammast mikið í þeim. Hlusta á nemendum og trúa þeim þegar þeir segja frá
4. Sýna tillitssemi, ekki leggja í einelti, ekki vera rasisti

Stofa 28

Þórunn Elfa Bjarkadóttir

Niðurstöður - Hópur (FJÁR1FB02). Hér eru meginniðustöður hópsins dregnar saman í 3 setningar.

1. Mikilvægt að fjalla um viðkvæm málefni (sbr. á forvarnardegi) í minni hópum og tryggja að ekki sé vettvangur fyrir neikvæð ummæli/umræðu. Passa hvað við segjum á samfélagsmiðlum um skólann og skólafélaga
2. Hafa betri leiðir/ferla til að taka á erfiðum málum sem koma upp (eineli, netofbeldi o.s.frv.) – kynna fyrir nemendur boðleiðir. Hafa aðgengi að hjúkrunarfræðingi.
3. Ganga vel um skólann, trufla ekki hver annað í tímum, bæta enskukunnáttu kennara fyrir nemendur sem tala ensku og þýða flókin orð/texta fyrir nemendur. Hrósa hvert öðru oft!

Stofa

Guðrún Halldóra Sigurðardóttir

Helstu niðurstöður, feitletruðu setningarnar eru þær sem þóttu mikilvægastar:

Vera góður við alla
Vera kurteis
Virða mörk annarra
Taka tillit
Ekki gelta hvert á annað
Þjóða góðan daginn
Þakka fyrir tímann
Ganga vel um
Hlusta á hvort annað
Segja afsakið í staðinn fyrir að ýta hvert öðru frá á göngum
Ekki vera í símanum í tíma
Virða fornöfn annarra og spyrja
Hafa traust og samskipti
Mæta á réttum tíma
Ekki leggja í einelti
Vera þolinmóður

Stofa 105

Jóhannes Arnar Ragnarsson

Niðurstaðan var m.a. sú, að flest svörin (ef ekki öll) gátu hæglega passað við allar hinar spurningarnar líka.

En þau svör sem hóparnir komu sér saman um að senda áfram voru eftirfarandi:

- Nemendur ættu að sýna starfsmönnum virðingu með tillitssemi og að viðurkenna að allir hafi tilfinningar.
- Til þess að starfsfólki og nemendum líði sem best, skal sýna tillitssemi, einlægni og virðingu.

Stofa 102

Friðrik Björnæs Þór

Við vorum sammála um að besta leiðin til að sýna öðrum virðingu væri að koma fram við alla af kurteisi og að líta hvort annað sem jafningja, því öll erum við jafnréttá og höfum sama tilverurétt.

Stofa 204

Ívar Már Jónsson

Niðurstöður STÆR1AU-3 hópsins (6 nemendur) eru;

- Segja Góðan Daginn og hlusta á hugmyndir hvors annars.
- Nemendur ættu að vera þakklátir fyrir ræstingatækna og starfsfólk á skrifstofu fyrir að hjálpa, og þakka alltaf fyrir sig.
- Að sjá alla Íslendinga og Útlendinga á sama hátt.

- Til að sýna öllum að það skiptir ekki máli hvaðan þú kemur. Við berum öll virðingu fyrir hvort öðru.

Stofa

Hrafnhildur Hafberg

- Ekki deila myndböndum af öðrum sem þú myndir ekki vilja að aðrir deildu af þér, ekki segja neitt á netinu sem þú gætir ekki sagt í alvörunni
- Almennt fara vel með skólann, sýna öllum virðingu, ekki tala illa um nemendur eða starfsmenn á samfélagsmiðlum, leggja bílnum þínum rétt úti, taka upp ruslið í matsalnum, brosa á göngum og ekki vera dónalegur
- Hlusta á kennara í tíma, ekki tala á meðan hann talar, ganga frá eftir sig á göngunum og í matsal
- Ekki tala niður til nemenda, sýna áhuga við kennsluna

Stofa FabLab

Heimir Jónsson

- Okkur finnst mikilvægt að sýna virðingu með því að bjóða góðan daginn í skólanum, vera jákvæð hlusta á aðra þegar þeir tala hvort sem það eru nemendur, kennarar eða starfsfólk.
- Okkur finnst mikilvægt að gera sér grein fyrir að allir koma frá mismunandi stað, eru mismunandi og því að sýna öllum umburðarlyndi.
- Til að sýna skólanum, húsnæðinu, starfsfólki og fb-ingum virðingu er mikilvægt að ganga vel um.
- Við viljum að kennarar hlusti á okkur þegar við tölum, séu hlutlausir þegar þau gefa okkur einkunnir og sýni okkur þolinmæði og umburðarlyndi ef við eigum erfitt með verkefni. Við viljum sýna þeim virðingu með því að mæta á réttum tíma, hlusta og vera jákvæð í tímum. Yfir heildina litið er mikilvægt að sjá að allir eru mannlegir hvort sem það eru samnemendur, kennarar eða starfsfólk, svo mikilvægt að við sýnum hvor öðru nærgætni og virðingu. Aðgát skal höfð í nærveru sálar.

Stofa

Gylfi Örn Gylfason

Virða skoðanir annarra.

Virða fólk eins og að þú vilt að fólk virði þig.

Stofa 114

Gunnar Tryggvason

Hvernig geta nemendur sýnt hvor öðrum virðingu?

- Ganga snyrtilega um sameiginleg svæði.
- Ekki vera dónaleg.
- Hjálpa þeim sem þurfa aðstoð.
- Ekki stífla inngang í skóla með hópsöfnun í anddyri.

Hvernig geta nemendur sýnt starfsfólki virðingu?

- Þjóða öllum góðan daginn á morgnana.
- Ekki gjamma í tímum yfir kennarann.
- Ekki henda rusli á gólf skólans.

Hvernig getur starfsfólk sýnt nemendum virðingu?

- Sýna þolinmæði og ekki vera dónaleg.
- Gera kennsluefnið áhugavert.
- Heilsa nemendum á morgnanna.
- Vera tilbúinn að aðstoða.
-

Hvernig getum við sem FB-ingar gengið á undan með góðu fordæmi?

- Vera þrifaleg
- Sýna hjálpssemi.
- Vera kurteis.

Stofa

Benedikt Kristjánsson

Þetta eru tillögur frá mínum nemendum sem eru í grunnteikningu 1, 15 drengir og flestir á fyrstu önn hjá okkur.

1. Hvernig geta nemendur sýnt hver öðrum virðingu? *"Með því að vera góðir við hvern annan". "Ekki vera með stæla. Tala betur við hvorn annan og hjálpa hver öðrum".*
- 2.
3. Hvernig geta nemendur sýnt starfsfólki virðingu? *"Með því að vera stillt í tíma". "Ekki ybba gogg, leyfa þeim (starfsfólki) að vinna".*
3. Hvernig getur starfsfólk sýnt nemendum virðingu? *"Actually að vilja kenna kenna nemendum". "Vinna vinnuna sína, kenna og vera almennileg".*
4. Hvernig getum við sem FB-ingar gengið á undan með góðu fordæmi innan sem utan veggja skólans og sýnt hvert öðru virðingu hvort sem það er á göngum, í matsal, í kennslustofum eða á samfélagsmiðlum? *"Hugsa um hvort annað".*

Svör frá starfsmönnum sem voru beðnir um að ræða um virðingu á síðasta samræðufundi þversniðshópa þann 21. nóvember 2022

Frá Nínu:

Virðing erað allir fái að njóta sín

Virðing er fordæmaleysi í sínum víðasta skilningi

Virðing ersamtal um hvernig við komum fram við hvort annað

Virðing erfordómalaust umburðarlyndi

Virðing ersuðupottur þar sem hlutir eru ræddir

Frá Hrafnhildi:

Virðing er að vanda sig.

Maður á að bera virðingu fyrir sjálfum sér jafnt sem öðrum, það á að endurspeglast í framkomu manns og öllu því sem maður gerir.

Frá Karení Júlíu:

“Virðing er að koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig”

Frá Elísabetu Völu

Virðing er að koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig. Veittu öðrum jákvæða athygli og leyfðu þeim að vera þau sjálf. Við erum öll einstök.

Frá Sigríði Ólafsdóttur:

- Virðingin kemur að innan.
- Hlustum og sýnum skilning.
- Berum virðingu fyrir öllum störfum.
- Verum Batman.
- Virðing er: Að sýna skilning , ganga vel um, hlusta á aðra.....

Frá Sigursteini:

